

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Stykkishólmur, 12. desember 2023  
MÍ202312-0072/ 6.07 / M.A.S.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Efni: Sveitarfélagið Stykkishólmur. Fyrirspurn um matsskyldu vegna vegar um Jónsnes, nr. 0994/2023**

Skipulagsstofnun óskaði, með tölvupósti 8. desember 2023, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um hvort vegur um Jónsnes, nr. 0994/2023, skuli háður mati á umhverfisáhrifum.

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is

Landeigandi í Jónsnesi í Sveitarfélaginu Stykkishólmi áformar að leggja um 5,6 km langan veg frá afleggjara við Stykkishólmsveg að íbúðarhúsi að Jónsnesi. Svæðið sem áætlað er að taka efni í veginn er um 6.000 til 8.000m<sup>2</sup> eða um 14.000 til 20.000m<sup>3</sup>. Vegurinn liggur frá Vogsbotni, afleggjara við Stykkishólmsveg (stofnveg nr. 58), eftir klapparási á milli Ögursvatns og Hofstaðavatns og þaðan eftir Hellisási, Arnarási og Skálaholti að Jónsnesi. Vegstæðið frá Vogsbotni að Skálaholti er nýtt að fráteknunum u.þ.b. 700 metra kafla frá Stykkishólmsvegi við Vogsbotn að skúr Veitna. Vegstæðið frá Skálaholti liggur eftir gömlum slóða sem notaður hefur verið um aldalangt skeið sbr. Herforingjaráðskort frá 1905-1915.

Í greinagerð framkvæmdarinnar stendur: *Varðandi fornleifar eru engar skráðar fornleifar á svæðinu samkvæmt vefsjá, en í aðalskiplagi á bls. 7 er talað um að fornleifaskráningu skuli lokið 2016.*

Minjar hafa ekki verið skráðar á svæðinu og Minjavefsjain er ekki tæmandi yfirlit um fornleifar, hús og mannvirki á Íslandi, sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.


Minjastofnun Íslands telur að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Stofnunin telur að þarfi fornleifafræðing til að skrá fornleifar á svæði sem nær a.m.k. 15 metra til hvorrar handar út frá fyrirhugaðri legu vegarins. Einnig þarf að skrá svæði sem nær a.m.k. 15 m út fyrir fyrirhugað efnistökusvæði.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Þegar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

hafa verið skráðar þarf að sýna útlínur þeirra og staðsetningu á loftmynd/korti ásamt fyrirhugaðri vegaleið. Fjalla þarf um fornleifar innan leiðarinnar og áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Loks þarf að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sem framkvæmdaaðili hyggst grípa til vegna fornleifa.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

Egill Þórarinnsson  
Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7 b  
105Reykjavík



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Stykkishólmur, 9. janúar 2024  
MÍ202312-0072/ 6.07 / M.A.S.

## Efni: Sveitarfélagið Stykkishólmur. Fyrirspurn um matsskyldu vegna vegar um Jónsnes, nr. 0994/2023

Skipulagsstofnun óskaði, með tölvupósti 8. desember 2023, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um hvort vegur um Jónsnes, nr. 0994/2023, skuli háður mati á umhverfisáhrifum.

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is

Landeigandi í Jónsnesi í Sveitarfélaginu Stykkishólmi áformar að leggja um 5,6 km langan veg frá afleggjara við Stykkishólmsveg að íbúðarhúsi að Jónsnesi. Svæðið sem áætlað er að taka efni í veginn er um 6.000 til 8.000m<sup>2</sup> eða um 14.000 til 20.000m<sup>3</sup>. Vegurinn liggur frá Vogsbotni, afleggjara við Stykkishólmsveg (stofnveg nr. 58), eftir klapparási á milli Ögursvatns og Hofstaðavatns og þaðan eftir Hellisási, Arnarási og Skálaholti að Jónsnesi. Vegstæðið frá Vogsbotni að Skálaholti er nýtt að fráteknnum u.þ.b. 700 metra kafla frá Stykkishólmsvegi við Vogsbotn að skúr Veitna. Vegstæðið frá Skálaholti liggur eftir gömlum slóða sem notaður hefur verið um aldalangt skeið sbr. Herforingjaráðskort frá 1905-1915.

Minjastofnun Íslands svarað með umsögn þann 12. desember 2023. Hún taldi að ekki lægi fyrir fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Stofnunin taldi að fá þurfi fornleifafræðing til að skrá fornleifar á svæði sem nær a.m.k. 15 metra til hvorrar handar út frá fyrirhugaðri legu vegarins. Einnig þyrfti að skrá svæði sem nær a.m.k. 15 m út fyrir fyrirhugað efnistökusvæði.

Í byrjun árs 2024 var fyrirhugað framkvæmdasvæði skráð (Ásta Hermannsdóttir 2024. *Jónsnesvegur. Fornleifaskráning vegna vegagerðar*. Byggðasafn Skagfirðinga). Skráðar voru þrjár minjar á svæðinu, tvær innan skráningarsvæðisins en ein utan þess sem skráð var í varúðarskyni. Leið [3179-1] er metin í hættu þar sem hlutar hennar eru enn óraskaðir í nágrenni framkvæmdasvæðisins þótt

stærsti hluti hennar hafi nú þegar verið hulin með nýja veginum. Leiðin er að mestu horfin undir nýjan veg sem lagður var haustið 2023 í þeim tilgangi að laga gömlu leiðina. Þrír litlir bútar af henni virðast hafa sloppið og hægt er að sjá hluta af þeim á jörðu niðri en einnig á gömlum loftmyndum.

Nú þegar fullnægjandi upplýsingar hafa borist telur Minjastofnun Íslands ekki að ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafa verið skráðar og settar inn á loftmynd/korti ásamt fyrirhugaðri vegaleið og ekki þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

Afrit sent: Sigurbjartur Loftsson [baddilofts@gmail.com](mailto:baddilofts@gmail.com)

## Jakob Gunnarsson - SLS

---

**To:** Skipulagsstofnun - SLS  
**Subject:** Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Vegur um Jónsnes

1. Ekki kemur fram hver vinnur samantektina og er ábyrgur fyrir henni.
2. Rekstur námu er starfsleyfis skyld framkvæmd jafnvel þó um tímabundinn rekstur sé að ræða í samræmi við reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sjá viðauka X grein 2,6. Forsenda fyrir starfsleyfi er að náman sé í samræmi ivið skipulag.
3. Mikilvægt er að fá umsögn þar til bærra yfirvalda hvort svæðið er mikilvægt fuglasvæði eða mikilvægt með tilliti til gróðurs s.s. hvort þarna finnast sjaldgæfar tegundir. Í því sambandi er bent á að umferð tengd vegagerð hefur í för með sér áhættu vegna s.s. olíulekaslysa sem getur haft afleiðingar fyrir í vatnasvæði. Skoða þarf þetta í samhengi við lög um stjórn vatnamála. Vegagerðin er ekki starfsleyfis skyld en ef svæðið telst viðkvæmt er æskilegt að Umhverfisstofnun færi fram á að unnið yrði áhættumat vegna framkvæmdarinnar þar sem mögulega væri gerð krafa um að tæki væru lekaskoðuð áður en framkvæmdir hefjast.

Þorsteinn Narfason,  
framkvæmdastjóri.

Skipulagsstofnun  
B.t. Egill Þórarinsson  
Borgartúni 7b,  
105 Reykjavík



**Efni: Vegur um Jónsnes í Stykkishólmsbæ – tilkynning um framkvæmd. Nr. 948/2023**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. desember, 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna tilkynningar um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Vegagerðin skal í umsögn sinni gefa álit á því hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka framangreindra laga.

Slíða 1/2

Sérstaklega er beðið um að Vegagerðin gefi í umsögn sinni mat á því hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Vegagerðin telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Í meðfylgjandi greinagerð kemur fram eftirfarandi: „Vegurinn að Jónsnesi telst ekki til þjóðvegjar, stofnvegjar eða tengivegjar. Um einkaveg er að ræða. Þannig er ekki krafa á að setja hann inn á aðalskipulag skv. reglugerð. Telur eigandi því breytingu á aðalskipulagi óþarfa, nema sveitarfélagið vilji gera það á síðara tímamarki, þegar heildarendurskoðun aðalskipulagsins fer fram.“

Vegagerðin hefur kynnt sér tilkynninguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og telur að sú viðbót sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Stofnunin bendir á að ef sótt verður um að tiltekin vegur verði settur á Vegaskrá Vegagerðarinnar sem Héraðsvegur, þá þarf vegur að uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð um Héraðsvegi nr. 744/2010.

Skv. vegalögum eru héraðsvegir þeir vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir eru upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal þó aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

Slíða 2/2

Vegagerðin

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Garðabær, 16. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0012  
IAS/OKV/BK

## Efni: Vegur um Jónsnes, tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Við er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 8. desember 2023 þar sem óskað er eftir umsögn um matskyldu framkvæmdar, vegs um Jónsnes.

Landeigandi áformar að leggja um 5,6 km langan veg frá afleggjara við Stykkishólmsveg að íbúðarhúsi á Jónsnesi. Ógreinileg slóð liggur frá Jónsnesi að Hofstöðum og er fyrirhugað að fylgja henni frá Jónsnesi rétt austur fyrir Skálaholt en þar er fyrirhugaður nýr vegur sem liggur í norðvestur á milli Ögurvatns og Hofstaðavatns að núverandi vegi að Vogsbotni og honum fylgt að Stykkishólmsvegi. Opnuð verður ný náma í Skálaholti þar sem efni verður tekið í veginn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Nýi vegurinn fer að miklu leyti um óraskað land. Hann mun mikið til þræða holt gróin lyngmóum og fjalldrapamóum, m.a. Hellisás og Arnarás, og þvera óframræst votlendi milli ása og holta. Votlendið greinist ekki vel frá mólendisvistgerðum á vistgerðakorti, sem er þekktur galli í kortinu. Til er gróðurkort frá svæðinu sem sýnir að um er að ræða flóa og mýrar með klóffu eða mýrastör og eru ríkar af runnum og lyngi (V8 klóffu-bláberjalyng-fjalldrapi, U3 mýrastör/stinnastör-fjalldrapi). Hér er því líklega um votlendisvistgerðinar brokflóavist og runnamýravist að ræða sem báðar hafa verið metnar með mjög hátt verndargildi. Út frá gróðurkortu og fyrirhugaðri legu vegarins mætti áætla gróflega að nýi vegkaflinn fari samanlagt um 1 km af óframræstu votlendi, sem er um þriðjungur þess vegkafla (1. mynd). Telja þar mest kaflar milli Ögurvatns og Hofstaðavatns en þar stendur til að setja tvö ræsi.

Fjólubláa vegstæðið sem á að laga er 2,4 km á lengd. Lítið ber á slóðinni í landinu af loftmyndum að dæma en hún þræðir m.a. grösuga kamba meðfram fjörum og fer um strjálgróna mela. Slóðin liggur einnig um votlendi sem að litlum hluta hefur verið framræst og þverar fitjasvæði í grennd við Nauthól. Gróft áætlað fer slóðin samanlagt um 0,6 km votlendis en þverunin yfir fitjarnar nemur um 140 m kafla. Þar er gert ráð fyrir tveimur ræsum í veg. Vegslóðin (rauð lína) vikur frá slóð sem nú þegar er til staðar (blá lína) við Kolaborg þar sem tún eru í framræstri mýri.

Gera má ráð fyrir að sú mósaík vistgerða sem þarna er að finna standi undir miklum þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Er þá miðað við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum. Einnig má nefna himbrima en hann verpur við bæði Ögur- og Hofstaðavatn (Róbert A. Stefánsson, munnleg heimild).

Tvö arnaróðöl eru þekkt við Jónsnes en þau hafa ekki verið í ábúð síðustu ár. Það er þó ekki ólíklegt að þau verði nýtt einhvern tíma á næstu árum og því mikilvægt að fyrirhugaðar





framkvæmdir fari fram utan tímabilsins 15. mars - 15. ágúst, líkt og ráðgert er skv. meðfylgjandi greinargerð.

Ekki kemur fram í greinargerðinni ástæða þess að til stendur að leggja nýjan veg frá Skálholti að Kolaborg í stað þess að fylgja gömlu slóðinni á milli Skálaholts og Hofstaða en hún þræðir grösuga kamba meðfram ströndinni og lítt gróna mela.



1. mynd. Gróðurkort með áætluðu vegstæði. Votlendi og sjávarfitjar skv. gróðurkorti NÍ er sýnt sem gulir (votlendi) og bláir (fitjar) flákar. Blá lína: núverandi vegur sem nýr vegur er tengdur inn á (0,7 km). Rauð lína: nýtt vegstæði (3,2 km). Fjólublá lína: eldra vegstæði sem verður lagað til (2,4 km).

Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að fyrirhugaður vegur um Jónsnes skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Taka þarf út bæði gróður og fuglalíf á fyrirbyggjandi vegslóð frá Jónsnesi að Hofstöðum og í fyrirhuguðu nýju vegstæði frá Skálaholti að Kolaborg og bera þessa kosti saman.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur





Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. janúar 2024  
UST202401-393/S.A.J.  
10.05.00

### Efni: Ósk um umsögn - Veglagning í Jónsnesi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### Framkvæmdarlýsing

Landeigandi áformar að leggja um 5,6 km langan veg frá afleggjara við Stykkishólmsveg að íbúðarhúsi á Jónsnesi. Ógreinileg slóð liggur frá Jónsnesi að Hofstöðum og er fyrirhugað að fylgja henni frá Jónsnesi rétt austur fyrir Skálaholt en þar er fyrirhugaður nýr vegur sem liggur í norðvestur á milli Ögurvatns og Hofstaðavatns að núverandi vegi að Vogsbotni og honum fylgt að Stykkishólmsvegi. Opnuð verður ný náma í Skálaholti þar sem efni verður tekið í veginn.

### Efnistaka

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að efnistökusvæðið fyrir veginn verði um 6.000 til 8.000m<sup>2</sup> að stærð og efnið sem mun verða notað sé um 14.000 til 20.000m<sup>3</sup>. Umhverfisstofnun bendi á að samkvæmt 13. gr. skipulagslaga er öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að skilgreina fyrirhugað efnistöku minni háttar. Auk þess þarf að fjalla nánar hvort efnis sem á að taka mun gagnast í umrædda vegagerð.

### Kort og gögn

Erindinu fylgir gróður og náttúruminjakort í kvarðanum 1:250. Umhverfisstofnun bendir á að grunnkortin af svæðunum eru líklega ekki í kvarðanum 1:250, en kortasjá Náttúrufræðisstofnunar Íslands sem sýnir sérstaka vernd votlendis er í kvarðanum 1:25.000.

### Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að innan framkvæmdasvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með

orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig getur vegagerð valdið fyrirstöðu og þurrkáhrifum.

Að mati Umhverfisstofnunar getur framkvæmdi valda raski á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það, því þarf að skoða fleiri valkost, sérstaklega þá valkosti sem raska ekki votlendi. Umhverfisstofnun bendir á að votlendi er mjög mikilvægt<sup>1</sup> Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendum en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á því.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Lög um stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á markmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 fjalla um að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla

<sup>1</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

að sjálfbærri nýtingu vatns og langatímavernd vatnsauðlindarinnar. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og bendir á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is) fyrir frekari upplýsingar.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla) og öll skilgreind vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau.

Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfseminni eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Í því felst að fjalla skal um og meta áhrif framkvæmdarinnar á gæðabætti þess/þeirra vatnshlota sem um ræðir og hvort framkvæmdin geti leitt til þess að þau nái ekki umhverfismarkmiðum.

Umhverfisstofnun bendir auk þess á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

### **Leyfisveitingar**

Breiðafjörður er friðlýstur skv. lögum nr. 54/1995. Friðlýsingin nær til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Fjara er skilgreind sem landræma á strönd stöðuvatns eða sjávar, sem er mótuð af hreyfingum vatnsins og venjulega þakin seti úr sandi, mól og grjóti. Sjávarfjara telst að jafnaði það svæði, sem við stórstreymi er undir vatni á flóði og á þurru, þegar lágsjávað er. Hluti framkvæmdarinnar mun fara í gegnum sjávarfitjar sem eru hluti af verndarsvæðis Breiðafjarðar. Samþykktar skipulagsáætlanir eru ekki fyrir hendi á því svæði sem ráðgert er að framkvæmdir fari fram. Umrædd framkvæmt er því leyfisskyld hjá Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Hægt er að sækja um leyfi til framkvæmda í gegnum þjónustugátt stofnunarinnar.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur í ljósi framangreinds að framkvæmdin geti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**